

Saadi gegn Bretlandi

Dómur frá 11. júlí 2006

Mál nr. 13229/03

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Hælisleitendur. Varðhald. Upplýsingar um ástæður handtöku.

1. Málsatvik

Kærandi, Shayan Baram Saadi, er íraskur ríkisborgari, fæddur 1976 og búsettur í London. Hann flúði frá Írak og lenti á Heathrow-flugvelli í London 30. desember 2000. Þar óskaði hann samstundis eftir hæli og var veitt tímabundið landvistarleyfi. Þegar hann tilkynnti sig til útlendingaeftirlits 2. janúar 2001, eins og honum hafði verið fyrirskipað að gera, var hann handsamaður og færður til móttökustöðvar fyrir útlendinga í Oakington. Hinn 5. janúar hringdi talsmaður kæranda í yfirmann innflytjendamála og var þá tjáð að réttmætt væri að halda kæranda í Oakington þar sem hann væri Íraki og skilyrði til varðhalds yfir honum væru uppfyllt. Í Oakington eru vistaðir útlendingar sem geta fengið flýtimeðferð mála sinna og eru ekki líklegir til að flýja. Beiðni kæranda um hæli var hafnað 8. janúar 2001 og var hann látinn laus daginn eftir. Hann kærði ákvörðunina og var í kjölfarið veitt hæli sem flóttamanni. Kærandi, og þrír aðrir íraskir Kúrdar sem höfðu verið haldið í Oakington, kröfðust viðurkenningar dómstóla á því að frelsissviptingin sem þeir sættu bryti gegn landslögum og 5. gr. sáttmálans. Bæði undirréttur og áfrýjunardómstóll komust að þeirri niðurstöðu að farið hefði verið að landslögum. Hvað varðaði 5. gr. sáttmálans var talið að varðhald þeirra hefði átt sér stoð í f-lið 1. mgr. 5. gr. og ekki hefði verið gengið lengra en efni stóðu til.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að því að hann hefði verið settur í varðhald án þess að gefnar væru ástæður fyrir frelsissviptingu hans. Hann byggði á því að brotið hefði verið gegn 1. og 2. mgr. 5. gr. og 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um (f-lið) 1. mgr. 5. gr.: Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að frelsissvipting kæranda frá 2. janúar hefði verið gerð í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að hann kæmist ólöglega inn í landið. Þrátt fyrir að hann hefði sótt um hæli þann 30. desember og hefði þá verið veitt tímabundin landgangi til eins dags í senn kom hann ekki til landsins á löglegan hátt. Þá tók dómstóllinn fram að eina skilyrðið fyrir handtöku sem byggð væri á f-lið 1. mgr. 5. gr. væri að slík handtaka væri liður í töku ákvörðunar um það hvort manni skyldi veitt dvalarleyfi eða hæli. Dómstóllinn leit svo á að frelsissvipting kæranda hefði verið framkvæmd í góðri trú sem liður í því að mál hans var tekið til flýtimeðferðar. Þá hefði honum verið sleppt um leið og beiðni hans um hæli var hafnað. Dómstóllinn taldi frelsissviptinguna, sem stóð í sjö daga, ekki hafa gengið lengra en efni stóðu til og því í samræmi við f-lið 1. mgr. 5. gr.

Um 2. mgr. 5. gr.: Dómstóllinn tók fram að talsmaður kæranda hefði fyrst fengið upplýsingar um ástæður handtökunnar hinn 5. janúar 2001. Þá voru liðnar um 76 stundir frá því varðhald kæranda hófst. Þetta taldi dómstóllinn of miklar tafir og ekki standast áskilnað 2. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Það var niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Hins vegar hefði verið brotið gegn 2. mgr. 5. gr. Kæranda voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 1.500 evrur í málskostnað en talið var að niðurstaðan sem slík fæli í sér fullnægjandi miskabætur. Þar sem dómstóllinn leysti úr máli kæranda á grundvelli 5. gr. taldi hann ekki ástæðu til að taka 14. gr. sérstaklega til skoðunar.

Þrír dómarrar skiluðu séráliti.

